
Umhverfisstefna

Tilgangur og umfang

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur umhverfismál á stefnuskrá sinni og leggur áherslu á umhverfismál í daglegu starfi og rekstri safnsins. Stefnan er að starfsemi safnsins hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif, að verðmæti séu endurnýtt eftir því sem kostur er og að dregið sé úr hvers kyns sóun. Umhverfisstefnan nær til allrar starfsemi safnsins og starfsmanna þess.

Ábyrgð

Landsbókavörður er ábyrgur fyrir framkvæmd umhverfisstefnunnar. Á safninu er starfshópur um umhverfismál sem fylgist með framkvæmd stefnunnar og kemur eftir atvikum með ábendingar um endurskoðun hennar. Starfsmenn stofnunarinnar framfylgja umhverfisstefnunni og hafa hana til hliðsjónar í starfi sínu.

Framkvæmd

Leiðir að markmiðum fela í sér að:

- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn tekur þátt í Grænum skrefum í ríkisrekstri og vinnur þannig markvisst að takmörkun neikvæðra umhverfisþátta af starfseminni
- Fræðsla til starfsfólks og umræða um umhverfismál er reglubundin og viðvarandi
- Framkvæmt er árlegt mat á árangri safnsins í umhverfismálum, það er kynnt sem vel er gert og unnið að útbótum þar sem betur má fara